


GILDANDI DEILISKIPULAG MKV. 1:2000




BREYTT DEILISKIPULAG MKV. 1:2000

0 50 100 m




YFIRLITSMYND MKV. 1:4000



Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004-2016

SKÝRINGAR:

- Lóðamörk
- Skipulagsmörk
- Byggingarreitur
- Virkjunarrör

## Greinargerð

Gerð er breyting á deiliskipulagi ferðaþjónustu í landi Klyppstaða sem samþykkt var 24.06.2009.

Breytingin gengur út á að sýndur er byggingarreitur fyrir stöðvarhús og fallpípu. Einnig er sýnt á yfirlitsmynd staðsetning jarðvegsstíflu og virkjunarrörs að stöðvarhúsi. Bætt er við afmörkun skipulagssvæðis á yfirlitsmynd og á mynd sem sýnir skálasvæðið.

Um er að ræða smávirkjun fyrir ferðaþjónustusvæðið í landi Klyppstaða í Loðmundarfirði.

Svæðið er staðsett innan svæðis á náttúruminjaskrá. Loðmundarfjörður, Víkur, Vestdalur og Vestdalseyri. Ennfremur er svæðið innan hverfisverndarsvæðis vegna afmörkunar búsetulandslags.

Sýndur er byggingarreitur fyrir lítið stöðvarhús rétt norðan við skálasvæðið. Byggingarreitur er 25 fermetrar en innan hans er heimilt að reisa allt að fimm fermetra hús. Afl virkjunar er áætlað 4-5 kV.

Talsvert ofar í hlíðinni er fyrirhugað að koma fyrir jarðvegsstíflu, u.þ.b. 1-1,5 m á breidd með lokubúnaði úr áli. Ekkert lón mun fylgja stíflunni. Jarðvegsstíflan verður að mestu úr torfi og grjóti.

Frá stíflu að stöðvarhúsi verður komið fyrir virkjunarröri sem verður u.þ.b. 800 metra langt. Virkjunarrörið er 110 mm plastlögn og verður hún grafin niður fyrstu og síðustu 200 metrana í ca 40 cm dýpt. Lögnin liggur að mestu á hallamýri og mun hverfa fljótt í gróður þar sem hún mun liggja ofanjarðar.

Umhverfisáhrif eru talin óveruleg. Um er að ræða mjög umfangslitla framkvæmd og munu ummerki lagnar hverfa mjög fljótt í gróður þar sem rétt er verið að sverfa af efsta gróðurlaginu þar sem lögnin er niðurgrafin. Stöðvarhús verður lítið og stíflumannvirki smágerð og að mestu úr jarðvegi og grjóti. Framkvæmdin sem skipulagsbreytingin innifelur hefur engin áhrif á svæði á náttúruminjaskrá eða hverfisvernd vegna lítils umfangs.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

í ____________________ þann ______ 2021 og

í ____________________ þann ______ 2021

Tillagan var auglýst frá ___________ 2021 með

athugasemdafresti til ___________ 2021

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____________ 2021

______________________________

| BR. | DAGS. | BREYTING | REIKN. | TEIKN. |
|---|---|---|---|---|

Múlaþing
LYNGÁSI 12 - 700 EGILSSTAÐIR - SÍMI: 470 0300 - KT: 660220-1350 - NETFANG: mulathing@multhing.is7

LANDMÓTUN sf HAMRABORG 12 - 200 KÓPAVOGUR - SÍMI: 575 5300 - FAX: 554 5360 - NETFANG: landmotun@landmotun.is

# KLYPPSTAÐUR

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR

SKIPULAG: EES
TEIKNAÐ: ÓÖG
SAMÞYKKT
KT.

KVARÐI 1: 2000
KÓPAVOGUR dags. 22.12.2021

VERKNR. 7400-DV2103
TEIKN. NR. D-01
BR.